

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 131/2020**

**frá 25. september 2020**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/89/ESB frá 16. nóvember 2011 um breytingu á tilskipunum 98/78/EB, 2002/87/EB, 2006/48/EB og 2009/138/EB að því er varðar viðbótarefirlit með fjármálafyrirtækjum innan fjármálasamsteypu <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB) og lið 31ea (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 L 0089**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/89/ESB frá 16. nóvember 2011 (Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 113).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/89/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2017, bls. 113.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING